



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**107. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í Hamraborg 9, föstudaginn 29. apríl 2022
og hófst hann kl. 13:30.**

Fundinn sátu:

Ásgeir Sveinsson, Bergljót Kristinsdóttir, Elís Guðmundsson, Harpa Þorsteinsdóttir, Helga Hauksdóttir, Karen María Jónsdóttir, Marta Guðjónsdóttir, Ólafur Ingi Tómasson, Pawel Bartoszek, Ragnhildur Jónsdóttir, Sigurjón Ingvason, Sveinn Óskar Sigurðsson og Jón Kjartan Ágústsson.

Fundargerð ritaði: Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri

Dagskrá:

1. MOS Blikastaðakró, Leiruvogur, friðun og Sundabraut - 2111020

Málinu var frestað á 106. fundi.

Fyrir 103. fundi svæðisskipulagsnefndar barst erindi dags. 12.11.2021 frá fulltrúa Mosfellsbæjar í svæðisskipulagsnefnd þar sem óskað er eftir að ofangreint erindi væri tekið til umræðu nefndarinnar. Erindinu fylgdi bréf dags. 25.11.2021 stílað á svæðisskipulagsnefnd ásamt fylgigögnum og varðar feril máls við friðun Blikaðstakaróar. Á fundinum var erindið rætt og eftirfarandi skráð í fundargerð: Vísað til nánari rýni hjá SSH. Erindið er nú lagt fram að nýju ásamt minnisblaði SSH dags. 16. mars 2022.

Gestir

Hildigunnur Haraldsdóttir, lögfræðingur SSH - 13:30

Lagt fram til kynningar

2. Kjós Breyting á aðalskipulagi 2017-2029 - 2111013

Fyrirliggjandi er tölvupóstur Skipulags- og byggingarfulltrúa Kjósarhrepps dags. 22. mars 2022 þar sem óskað er umsagnar vegna ofangreinds.

Á 104. fundi dags. 25. febrúar 2022 var skipulagslýsing kynnt án athugasemda.

Svæðisskipulagsnefnd fagnar tillögunni. Uppbyggingin er utan skilgreindra vaxtamarka og flokkast því sem dreifbýli skv. svæðisskipulagi. Í töflu 1 í svæðisskipulagi kemur fram að til ársins 2040 er ekki gert ráð fyrir að íbúðir í dreifbýli á höfuðborgarsvæðinu fjölgi og haldist undir 2% af heildarfjölda íbúða svæðisins.

Nefndin telur að fyrirhuguð uppbygging sé ekki í ósamræmi við gildandi svæðisskipulagi, enda komi fram í undirmálstexta við töflu 1 að um sé að ræða leiðbeinandi viðmið sem þurfi að skoðast í samhengi við heildar stefnumörkun um að 66% íbúða höfuðborgarsvæðisins verði innan kjarna eða samgöngumiðaðra þróunarsvæði árið 2040, en nýlega þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020 -



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

2024 sýnir að meirihluti uppbyggingar íbúða og atvinnuhúsnæðis á þessu tímabili fellur þar undir.

Nefndin telur fjölgun íbúða, um 170 á 60 ha. svæði skv. breytingartillögu Kjósahrepps, vera innan eðlilegra vikmarka, enda sé um að ræða sambærilegt svæði og Mosfellsdal þar sem þegar gert er ráð fyrir sambærilegri fjölgun íbúða til framtíðar skv. samþykktu aðalskipulagi Mosfellsbæjar.

Bent er á að frekari þéttbýlismyndun í Kjósahrepps, umfram núverandi tillögu, gæti kallað á svæðisskipulagsbreytingu sem þyrfti að fara í efnislega meðferð hjá svæðisskipulagsnefnd.

Ekki gerðar athugasemdir

3. Kóp Vatnsendahæð - Vatnsendahvarf. Deiliskipulag í auglýsingu - 2203012

Fyrirliggjandi er bréf dags. 10. mars 2022 frá skipulagsdeild Kópavogsbæjar þar sem tilkynnt er um auglýsingu á nýju deiliskipulagi vegna ofangreinds. Tillagan gerir ráð fyrir nýju íbúðarhverfi fyrir 500 íbúðir auk leikskóla, útivistarsvæðum, verslun og þjónustu. Óskað er umsagnar vegna þessa.

Ekki gerðar athugasemdir

4. Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Hafnarsvæði, þétting byggðar Suðurrhöfn, Flensborgarhöfn og Hamarshöfn - 2203013

Fyrirliggjandi er tölvupóstur dags. 16. mars 2022 frá umhverfis- og skipulagssviði Hafnarfjarðar vegna ofangreinds.

Breytingin felst í að Suðurrhöfn H1 verður að hluta til íbúðasvæði ÍB15 og miðsvæði M6 og M7. Flensborgarhöfn H2 breytist í miðsvæði M5. Ný smábátahöfn og 5m strandræma verður H6.

Svæðisskipulagsnefnd bendir á að í svæðisskipulagi koma fram viðmið um einkenni bæjarkjarna í töflu 2, sem sveitarfélög þurfa að útfæra nánar í aðalskipulagi. Svæðisskipulagsnefnd bendir einnig á að umrætt svæði er innan samgöngu- og þróunaráss sem skilgreindur var nýverið með sérstakri breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins en með breytingunni var samþykkt ákvæði sem varða uppbyggingu meðfram þróunarásum sem sveitarfélögin þurfa að útfæra í aðalskipulagi. Í breytingunni segir að uppbygging skuli vera samgöngumiðuð (e. transit-oriented) í þeim skilningi að lögð er áhersla á þéttingu og blöndun byggðar og að umhverfið sé liðlegt öllum ferðamátum.

Ekki gerðar athugasemdir

5. Gb Uppland Garðabæjar, breyting á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030, forkynning - 2204001

Fyrirliggjandi er bréf frá verkefnastjóra tæknideildar Garðabæjar dags. 31.3.2022 þar sem óskað er umsagnar vegna ofangreinds.

Nefndin vil vekja athygli á tengingum svæðisins við græna geira í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og tengingar við græna trefilinn. Útfærsla slíkra tenginga á sér stað í aðalskipulagi sveitarfélaga og eftir atvikum í deiliskipulagi.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fulltrúar Hafnarfjarðar vekja athygli á að Flóttamannavegur er vegur í umsjón Vegagerðarinnar og líkleg lega Ofanbyggðavegar sem ávarpaður er í Svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðisins. Fulltrúar Hafnarfjarðar samþykkja tillöguna með þeim fyrirvara að breytingin skerði ekki möguleika til framtíðar á Ofanbyggðavegi.

Bergljót Sveinsdóttir og Sveinn Óskar Sigurðsson taka undir með bókun fulltrúa Hafnarfjarðar.

Ekki gerðar athugasemdir

6. Gb Urriðaholt-norðurhluti 4-Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030 - 2012004

Fyrirliggjandi er bréf skipulagsfulltrúa Garðabæjar dags. 24.3.2022 þar sem óskað er umsagnar vegna ofangreinds.

Ekki gerðar athugasemdir

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30.